

Alþingi
Erindi nr. Þ 7/7055
komudagur 14.8.2009



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 113. mál, heildarlög.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst bréf frá Heilbrigðisnefnd Alþingis, dagsett 30. júní 2009, þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er stéttarfélag og stendur vörð um kaup og kjör félagsmanna ásamt því að standa vörð um réttindi félagsmanna.

Félagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, en með brottnámi laga nr. 24/1995 mun m.a. reglugerð nr. 272/1991 um menntun, réttindi og skyldur náttúrufræðinga, sem starfa á sórhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana falla úr gildi.

Félagið gerir ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið muni í samvinnu við félagið setja nýja reglugerð á grunni þessara laga þegar þau taka gildi. Einnig viljum við benda á að skoða þarf sérstaklega núverandi framkvæmd reglugerðar nr. 272/1991 og meta hvernig hægt sé að tryggja betur í framtíðinni að farið sé eftir henni hvað varðar 5. grein sem fjallar um ráðningar og 7. grein sem fjallar um endurmenntun.

Virðingarfyllt,
F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður

Afrit sent:
Ráðherra Heilbrigðisráðuneytisins, Vegmúla 3, 150 Reykjavík